

## Fundargerð

45. fundur erfðanefndar landbúnaðarins  
Haldin á TEAMS 4. október 2023 kl. 13:00 – 15:00

Mættir: Árni Bragason (ÁB), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH), Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) og Jóhannes Guðbrandsson (JG) varamaður Leós Alexanders Guðmundssonar. Ekki mættir Pawel Wasowicz (PW), Þorvaldur Kristjánsson (ÞK). Einnig sat fundinn Jón Hjalti Eiríksson (JHE) varamaður BKB ritaði fundargerð. Formaður setti fundinn.

1. Samþykkt dagskrár  
Dagskrá samþykkt án athugasemda
2. Samþykkt fundargerðar frá 44. fundi nefndarinnar  
Fundargerð samþykkt án athugasemda
3. Staðamála frá síðasta fundi (BKB)
  - Fyrri hluti styrkja greiddur út í júní
  - Erindi barst fyrrverandi formanni Halldóri Runólfssyni frá matvælaráðuneytinu um starf nefndarinnar og aðbúnað 2022, þ.m.t. fjölda starfsfólks, vinnuframlag nefndarmanna, vinnuframlag starfsmanns, stöðugildi, fjölda funda og nefndarlaun.
  - Húsdýraráð Nordgen vinnur að skýrslu um uppruna og stöðu hestakynja á Norðurlöndunum, BKB hefur tekið þátt í gerð skýrslunnar sem enn er í vinnslu.
  - Næsti fundur húsdýraráðs Nordgen verður haldin um miðjan nóvember.
  - Haldið verður upp á 40 ára afmæli húsdýraráðs Nordgen á næsta ári. Í tilefni af afmælinu verður haldin ráðstefna í Uppsala 7. og 8. febrúar 2024.
  - BS verkefni við Lbhí um skyldleikarækt í geitfjárstofninum. Markmið að meta núverandi skyldleikarækt í stofninum og bera saman við fyrri rannsóknir út frá ætternisgögnum úr Heiðrúnu, skýrsluhaldsforrit geitfjárræktarinnar.
  - Á Vísindadegi Lbhí 10. október verður Samson B. Harðarson með kynningu á verkefni um blæösp sem fékk styrk frá erfðanefnd s.l. vor.
  - Fyrirhugað er að halda fund með Nautastöð og Sauðfjársæðingastöð varðandi möguleika á samstarfi við stofnun genbanka fyrir húsdýr.
4. Landsáætlun 2024-2028

Rætt var um landsáætlun til næstu fimm ára og hvað verklag væri best að viðhafa endurskoðun og uppfærslu áætlunarinnar.

*Afgreiðsla: BKB falið að senda handrit til nefndarmanna og nefndarmenn hafi umsjón með uppfærslu þá þeim köflum sem snúa að þeirra fræðasviði.*
5. Málþing erfðanefndar  
Ákveðið var að fresta málþingi um erfðatengda búfjárjúkdóma til næsta árs.
6. Staða riðurannsóknna  
(JHE) skýrði frá stöðu riðu rannsókna m.a. kom fram að skv. fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 110 milljónum í riðu tengd verkefni. Sérfræðingahópur vinnur að gerð áætlunar um útrýmingu riðu og er gert ráð fyrir að hægt sé að koma ARR í 75% stofnsins á næstu tuttugu árum, annað hvort

arfhreint eða arfblendið, auk þess eru aðrar verndandi arfgerðir sem hægt er að rækta. Á þeim bæjum þar sem riða hefur komið upp á s.l. sjö árum væri hægt að koma ARR hratt í hjarðir án tillits til aukinnar skyldleikaræktar en fara hæggar í sakir á öðrum svæðum. Alþjóðlegt rannsóknarverkefni er í gangi sem miðar að því að greina verndandi arfgerðir aðrar er ARR og til stendur að halda fundi víðsvegar um land og kynna niðurstöður.

#### 7. Laxeldi í sjókvíum

Erfðanefnd sendi frá sér álit varðandi laxeldi í sjókvíum árið 2017. Ákveðið var að senda álit nefndarinnar aftur á sömu aðila og ítreka nauðsynlegt eftirlit með starfsemi fiskeldisfyrirtækja og að eftirlitsaðilar fái svigrúm til að sinna eftirlitsskyldu sinni sem þeim ber samkvæmt lögum.

#### 8. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldin 6. desember kl. 13-15 á Keldnaholti

Fundi slitið kl. 15